

19. nóvember 2013

Til þeirra er málið varða.

Maðurinn minn og ég tókum lánsveð hjá tengdaforeldrum mínum árið 2006 og skuldum í dag um 134% í litlu íbúðinni „okkar“.

Við höfum beðið óþreyjufull eftir leiðréttingu svipaðri þeirri sem aðrir fengu fyrir löngu síðan.

Við höfum staðið við okkar skuldbindingar og ráðum við afborganirnar af lánunum en okkur langar að greiða niður skuldir og eignast hlut í íbúðinni. Núverandi staða gerir það ekki kleift.

Það er jafnréttismál að þessi örsmái lánsveðshópur fái leiðréttingu til jafns við 110% leiðina áður en farið verður í almennar lánleiðréttingar.

Það er mín von að við fáum leiðréttingu svo við getum haldið áfram með lífið og líkt aðrir lánþegar hafa getað gert. Í dag, stöndum við í sömu stöðu og í hruninu, nema við erum bæði orðin 32 ára og ekki með pláss fyrir stækkandi fjölskyldu.

Gjaldþrot og lyklafrumvarp eru ekki raunhæfir kostir.

Kær kveðja,

Björg Þorsteinsdóttir

kt.120581-4069.